

17.11.2015



UMHVERFISSTOFNUN

Alcan á Íslandi  
Straumsvík Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður

Reykjavík 17. nóvember 2015  
UST201511-062/E.D.K.  
08.07.02

### Úrbótaáætlun samþykkt

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 18. september 2015 þar sem fjallað er um frávík sem kom fram við reglubundið eftirlit í Rio Tinto Alcan í Straumsvík.

#### Frávikið er eftirfarandi:

- Þegar löndun er í gangi á nóttunni, má búast við að hljóðstig í íbúabyggð geti farið yfir viðmiðunarmörk í töflu III í viðauka reglugerðar 724/2008 um hávaða.


Umhverfisstofnun barst aðgerðaráætlun frá rekstraraðila þann 6. október sl og hefur metið hana fullnægjandi. Í áætluninni kemur fram að hún gangi út á að finna ásættanlega lausn þannig að hljóðstig í íbúabyggð uppfylli viðmiðunarmörk í töflu III í viðauka reglugerðar 724/2008 um hávaða. Þá verði eftirfarandi kostir skoðaðir:

1. Kannaðir verða möguleikar þess að setja veðurfarsleg viðmið fyrir löndun. Með þessu væri dregið úr löndun að næurlagi og einungis landað við þau veðurskilyrði sem tryggðu að hávaði frá löndunarbúnaði væri innan viðmiðunarmarka í reglugerð. Þessi vinna er þegar hafin, skv. tölvupósti sem barst frá rekstraraðila 14. október sl. Í eftirliti, sem fram fór 30. október sl., kom fram að búið er að greina veðurfarslega þætti en það á eftir að taka ákvörðun um aðgerðir.
2. Kannaður verður möguleiki þess að hanna nýjan hljóðdeyfil á löndunarbúnaðinn. Ákvörðun um þetta ætti að liggja fyrir eftir ca. 8 vikur, sbr. tölvupóstinn sem barst 14. október sl., eða um miðjan desember.
3. Áætlun til lengri tíma snýr að því að fá nýjan löndunarbúnað en unnið hefur verið að slíkri fjárfestingu í nokkurn tíma.

Umhverfisstofnun samþykkir ofangreinda úrbótaáætlun og óskar eftir upplýsingum um veðurfarsleg viðmið fyrir löndun, sbr. lið 1, og ákvörðun varðandi hljóðdeyfi, sbr. lið 2, fyrir 16. desember nk.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

  
Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur